



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 27. janúar 2025

MSS23110169

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Þann 30. nóvember 2023 barst svohljóðandi fyrirspurn frá borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um leyfisskylda gististarfsemi - MSS23110169:

Óskað er eftir upplýsingum um fjölda íbúðarhúsnæðis sem breytt hefur verið í leyfisskylda gististarfssemi frá árinu 2008. 1. Fyrir hve mörg fastanúmer íbúða/húsa hefur verið gefið út leyfi fyrir gististarfssemi, (þ.e. í húsnæði sem áður hýsti íbúðir eða var reist og notað sem íbúðarhúsnæði áður) frá árinu 2008.? Óskað er eftir sundurgreiningu eftir árum. 2. Hversu mörgum fastanúmerum íbúða hefur verið breytt þannig að íbúðarhúsnæði hafi fengið breytta skráningu sem „gistihús“ eða „hótel“ í Reykjavík frá árinu 2008?

Svar við fyrirspurn

Ekki reyndist unnt að fá fullnægjandi svör við ofangreindri fyrirspurn. Fjármála- og áhættustýringarsvið sendi fyrirspurnir til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og til skrifstofu byggingafulltrúa hjá Reykjavíkurborg til að reyna að afla upplýsinga. Ekki bárust svör við fyrirspurninni þrátt fyrir ítrekaðar umleitanir.

Að lokum er beðist velvirðingar á því hversu seint meðfylgjandi fyrirspurn er svarað.

Virðingarfullt,

Halldóra Káradóttir
sviðstjóri
fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík